

Ed.

354. Frumvarp til laga

[198. mál]

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskerta.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkið starfræki stofnun, sem nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Fyrir stofnuninni skal vera yfirlæknir, sérmenntaður í augnsjúkdómum, og skal hann annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu vera: gleraugna- og sjónfræðingar, sjónþjálfar, félagsráðgjafar, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar, skv. lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast lækniþjónustu á vegum stöðvarinnar og yrði yfirlæknir augndeildar jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Blindrafélagið tilnefnir einn og Augnlæknafélag Íslands einn. Sömu reglur gilda um varamenn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu, sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal í samráði við landlækni halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir.

Við stofnunina skal starfrækja sjónglerjaþjónustu undir stjórn gleraugnafræðings.

Stofnunin hefur yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknnum í samráði við aðra aðila, er starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegum á hvers konar sérhæfðum hjálpartækjum fyrir sjónskerta, sem yfirlæknir hennar eða aðrir læknar á vegum stöðvarinnar úrskurða nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatrygginga.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur í samráði við landlækni ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar sjónskertum úti á landi.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við starfandi kennara blindradeildar sérfræðilega umsjón með sjónþjálfun og augnlæknisfræðilegri meðferð og rannsókn sjónskertra nemenda í skólum landsins.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um þá þjónustu við blinda og sjónskerta sem veitt er á stöðvunum. Skulu heilsugæslustöðvar tilkynna stofnuninni um alla sem eru eða grunur leikur á að séu sjónskertir.

10. gr.

Ráðherra ákveður aðsetur stofnunarinnar að höfðu samráði við stjórn hennar og skal heimilt að samnýta húsnæði með öðrum opinberum aðilum eða hagsmunaaðilum eftir því sem um semst. Sama gildir um starfsfólk.

11. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þegar í stað og skal hún vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að í desember 1982 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, sem m. a. fékk það hlutverk að gera tillögur um starfsemi sjónstöðvar og skipulagningu sjónverndar í landinu, þar með talið forvarnarstarf, úthlutun hjálpartækja og hlutdeild hins opinbera í því. Í nefndina voru skipaðir: Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur, formaður, Ólafur Ólafsson, landlæknir, Óskar Guðnason, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, Guðmundur Björnsson, augnlæknir og Margrét Sigurðardóttir, blindrakennari.

Frumvarp það sem hér liggur frammi ásamt greinargerð, kostnaðaráætlun o. fl. eru tillögur nefndarinnar um framtíðarskipan þeirra þátta sem þar koma fram.

Það er álit nefndarinnar að ekki sé annað fært en að skipa fyrir um þau mál er hér um ræðir með lögum, vegna þeirrar samræmingar sem þeim er ætlað að hafa í för með sér, þess kostnaðar sem af þeim muni leiða og ekki síst vegna þeirrar réttarbótar, er þau myndu hafa í för með sér þar sem hlutur sjónskertra yrði sá sami og annarra þjóðfélagsþegna, er þurfa á séraðstoð að halda. Á slíkt skortir töluvert í dag.

Nefndin minnir á að á undanförunum árum hafa verið sett margs konar lög til þess að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar, sem á hjálp hafa þurft að halda. Má í þessu

tilviki nefna almenn lög svo sem lög nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, og sérlög eins og lög um Heyrnar- og talmeinaföð Íslands nr. 35/1980, en sú stofnun annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta svo sem prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Er ekki vafi á því að með tilkomu þessara laga hefur hlutur þeirra, er þeirra njóta, orðið stærri.

Félagsleg þjónusta og endurhæfing sjónskertra hefur til þessa eingöngu verið í höndum Blindrafélagsins en það var stofnað 19. ágúst 1939 með það fyrir augum, að aldraðir, blindir og sjónskert fólk nyttu nauðsynlegrar aðhyrningar. Tilgangur félagsins er að vinna að hvers konar menningar- og hagsmunamállum blindra, svo sem með því að vinna að því að blint fólk geti aflað sér þeirrar menntunar, er það hefur löngun og hæfileika til. Ennfremur að vinna að því að blindir sem að öðru leyti eru vinnufærir geti fengið atvinnu við sitt hæfi. Félagið vill vinna að því að koma blindu fólki að þeim störfum, er það kynni að vera fært um að leysa af hendi, hjá hvers konar atvinnufyrirtækjum, svo og að stuðla að því að blindir geti sjálfir rekið atvinnu sér til lífsframtær. Ennfremur vill félagið stuðla að hvers kyns félagslegri og menningarlegri aðstoð við blint og sjónskert fólk og auðvelda því almenna umgengni við sjáandi fólk. Hefur félagið, sem var helsti brautryðjandi í málefnum blindra, helgað starfsemi sína ofangreindum markmiðum ásamt Blindravinafélagi Íslands, sem stofnað var árið 1932, en tilgangur þess félags er að hjálpa og hlynna að blindum hér á landi, ungum og gömlum og vinna að útbreiðslu þekkingar á augnsjúkdómum meðal almennings og verndun sjónarinnar.

Í frumvarpi því sem hér liggur frammi er gert ráð fyrir því að sett verði á laggirnar stofnun á vegum ríkisins er nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Engin slík stofnun hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Þeir sem njóta myndu þessarar þjónustu yrðu fyrst og fremst þeir sem eiga í erfiðleikum með lestur með venjulegum gleraugum, þ. e. sjóndepra skv. flokkun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, 6/18 eða minni. Skv. reglum WHO frá 1977 flokkast sjónskerðingar sem hér segir:

Flokkun sjónskerðingar	Sjónskerpa betra auga með besta gleri
Sjóndepra (Low vision)	1. 6/18 (eiga í erfiðleikum með lestur með venjulegum gleraugum) 2. 6/60
Sjónleysi (Blindness)	3. 3/60 4. 1/60 (Telur fingur í 1 m fjarlægð)
	5. Greinir ekki ljós
Sjónsviðsskerðing:	Peir sem ekki hafa meira en 10° sjónsvið en meira en 5° í miðsvæði eru í 3. flokki og þeir sem hafa ekki meira en 5° vítt sjónsvið eru í 4. flokki jafnvel þótt skarpa sjónin sé óskert.

Eitt af markmiðum stofnunarinnar verður að tryggja það að ávallt séu hér á boðstólum sem fullkomnastar tegundir sérhæfðra hjálpartækja fyrir sjónskert og blint fólk. Ennfremur þarf að tryggja það að viðgerðarþjónusta verði sem best. Innan stofnunarinnar verður því að starfa sérþjálfað fólk til þess að leiðbeina sjúklingum og þjálfva þá svo að fullkomin nýting náist út úr þeim hjálpartækjum, sem á boðstólum eru. Þarf að kappkosta að ná til sem flestra þeirra aðila sem á þessari aðstoð þurfa að halda, t. d. með ferðalögum úti á landi í tengslum við augnlækningaferðalög á vegum heilbrigðisstjórnarinnar. Leggja verður áherslu á að hér er þó um ólík atriði að ræða, þar sem augnlækningaferðirnar hafa verið farnar í lækningaskyni en þjálfunarpátturinn hefur ekki verið ræktur sem skyldi á sérhæfðum grundvelli, einkum endurhæfingin. Viðbúið er að margir sem þurft hefðu á slíkri þjónustu að halda hafi ekki notið hennar, þar sem sjúkdómsgreiningarpátturinn hefur ekki verið

ræktur sem skyldi. Ennfremur ber að hafa í huga að allt forvarnarstarf á þessum vettvangi skilar sér í sparnaði annars staðar innan kerfisins eins og önnur dæmi sanna t. d. þannig að viðkomandi þurfi ekki á sérkennslu að halda sem er miklu dýrari og umfangsmeiri en venjuleg kennsla. Ennfremur má benda á að fræðsla á þessu sviði hefur ekki verið mikil þannig að af þeirri ástæðu er viðbúið að þjónustuþörfin sé meiri en fram hefur komið.

Með hliðsjón af framanrituðu er nefndin þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að kveða á um þessa þætti í lögum þannig að skýrt komi fram hver sé vilji löggjafarvaldsins varðandi þennan þjóðfélagslega velferðarþátt. Fyrir því er frumvarp þetta fram komið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því að ríkið starfræki stofnunina og að hún verði í óskiptri eign þess. Hér er kveðið á um nafngift stofnunarinnar, en margar hugmyndir komu fram um hana. Þessi þótti lýsa starfsemi best, þótt menn væru ekki alveg sáttir við hana. Ennfremur er kveðið á um starfslíð og menntun þess. Til þess að stofnun sem þessi þjóni tilgangi sínum þarf að starfa við hana yfirlæknir. Þarf hann að vera sérmenntaður í augnlækningum. Hversu mikið starfið verður skal ósagt látið. Í upphafi væri ekki óraunhæft að miða við hálf starf eða að samið yrði sérstaklega við augndeild sjúkrahúss, í þessu tilviki Landakotsspítala, um lækniþjónustuna, þannig að yfirlæknir augndeildarinnar yrði jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar. Yrði þá að semja sérstaklega um launagreiðslur en þær gætu lögum skv. aldrei farið yfir sem nemur ½ stöðu yfirlæknis. Yrði yfirlæknir yfirmaður allrar sérfræðivinnu stofnunarinnar. Ennfremur yrði að vera við stofnunina starfandi gleraugna- og sjónfræðingur, sjónþjálfari (synpedagog), félagsráðgjafi, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki, svo sem ritari. Til þess að byrja með og þar til reynsla er fengin á starfsemi væri nægjanlegt að hafa gleraugna- og sjónfræðing í hálfu starfi, sjónþjálfara í fullu starfi, félagsráðgjafa í hálfu starfi og ritara í hálfu starfi. Varðandi annað starfsfólk væri hægt að semja við Blindrafélagið um samnýtingu starfskrafta. Ennfremur væri ekki óeðlilegt að þeir aðilar, er að hálfu störfuðu við stofnunina, störfuðu ennfremur á vegum Blindrafélagsins, sbr. nánar heimildir í 10. gr. frumvarpsins.

Allur kostnaður við beinan rekstur stöðvarinnar yrði greiddur af ríkissjóði skv. ákvörðun fjárveitingavaldsins á fjárlögum ár hvert.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun yfirlæknis og er það í samræmi við lög nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir því að stjórn stöðvarinnar ráði aðra starfsmenn.

Í 2. mgr. er heimildarákvæði fyrir ráðherra þess efnis að semja megi við augndeild sjúkrahúss um að annast lækniþjónustu á vegum stöðvarinnar og að yfirlæknir augndeildar yrði þá jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar. Á þennan hátt yrði hægt að tengja starfsemi þessara aðila sem mest en slíkt hlýtur að verða hagkvæmt. Eins og stendur, er eingöngu starfrækt augndeild við Landakotsspítala, en hvað framtíðin ber í skauti er erfitt að segja fyrir um, þannig að augndeildir gætu risið við fleiri spítala. Nauðsynlegt er að við slíka samninga sé þess gætt að sem mest tengsl séu á milli starfsemi stöðvarinnar og þeirrar kennslu, sem fram fer á vegum læknadeildar Háskóla Íslands.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um stjórn stöðvarinnar, þ. e. a. s. að henni skuli skipuð sérstök stjórn. Gert er ráð fyrir því að hún verði fámenn. Auk ráðherraskipaðs manns skulu tilnefna í hana Blindrafélagið og Augnlæknafélag Íslands, sem eru þeir aðilar sem hvað mest koma

nærri þessum málum í dag. Það er ekki síst mikilvægt að hafa stjórn yfir slíkri stofnun þar sem um er að ræða nýja stofnun. Leggst því væntanlega töluverð vinna á stjórn stofnunarinnar t. d. vegna gildistöku frumvarps þessa ef að lögum verður.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk stofnunarinnar sem er fyrst og fremst að skipuleggja og sjá um allt er viðkemur þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu, sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir og skal um slíkt hafa samráð við landlækni, sem sér um heilbrigðistöflfræðifærslu hér á landi.

Lögð er áhersla á að við stöðina sé starfrækt sjónglerjaþjónusta undir stjórn gleraugnafræðings. Hér yrði fyrst og fremst um að ræða sérhæfð hjálpartæki, þannig að ekki er verið að taka undir stofnunina hinn almenna gleraugnamarkað. Stofnuninni er ætlað að hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknnum í samráði við aðra aðila, er starfa á þessum vettvangi. Í þessu tilviki má nefna stofnanir eins og Vinnueftirlit ríkisins varðandi sjónvernd á vinnustöðum. T. d. gæti stofnunin haldið námskeið um meðferð hjálpartækja fyrir fólk, sem starfar við heilsugæslu og kennslu, svo dæmi séu tekin.

Um 5. gr.

Lagt er til að stofnunin annist útvegum á þeim hjálpartækjum, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg. Í dag úrskurðar Tryggingastofnun ríkisins (tryggingayfirlæknir) slíkt. Engin ástæða er til að halda í það fyrirkomulag þegar sett hefur verið á stofn sérstök stofnun til þess að vinna að þessum málum. Er miklu eðlilegra að sá læknir, sem annast rannsókn á vegum stöðvarinnar og sem til þess hefur sérmenntun, ákveði slíkt. Á þennan hátt sparast fjármunir t. d. þar sem vottorðagjöf yrði óþörf, svo ekki sé minnst á það hagræði sem slíkt hefði í för með sér fyrir neytendur.

Ennfremur er lagt til að ráðherra fái vald til þess að setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja að fengnum tillögum stjórnar. Skal miða slíkt við hliðstæðar greiðslur almannatrygginga. Í dag fer tryggingaráð með þetta vald skv. almannatryggingalögum. Fyrir þessari breytingu má færa sömu röksemdir og varðandi úrskurð yfirlæknis. Nái þetta fram að ganga myndi stöðin sjálf annast greiðslur f. h. ríkisins í stað sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins og yrðu þannig öll mál er tengjast starfsemi sjónstöðvar á einni hendi undir beinni yfirstjórn ráðherra.

Um 6. gr.

Lagt er til ákvæði þess efnis að ráðherra sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á vegum stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Miðað við aðra þjónustu innan heilbrigðiskerfisins er eðlilegt að eitthvert gjald komi fyrir, að vísu lágt, og væri ekki óraunhæft að miða það við göngudeildargjald eins og gert er ráð fyrir í lögnum. Með þessu er aðeins lagt til að ótvíræð lagaheimild finnist til töku gjalds.

Um 7. gr.

Stofnunin skal í samráði við landlækni skipuleggja ferð starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar sjónskertum úti á landsbyggðinni. Slíkar ferðir ber að fara eins oft og þurfa þykir þó ekki sé lagt til að þær skuli farnar árlega. Um nauðsyn slíkra ferðalaga þarf ekki að fara mörgum orðum og skal það aðeins ítrekað hér sem fram kemur í inngangi með athugasemdum.

Um 8. gr.

Til þess að sem best samræming náist í þessum málefnum er gert ráð fyrir því að stofnunin hafi í samráði við starfandi kennara blindradeildar sérfræðilega umsjón með sjónþjálfun og augnlæknisfræðilegri meðferð og rannsókn sjónskertra nemenda í skólum landsins. Slíkt yrði að sjálfsgöðu gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Nauðsynlegt er að kveða á um þetta hlutverk stöðvarinnar svo þessi mál öll séu á einni hendi frá upphafi.

Um 9. gr.

Í lögunum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um að innan heilsugæslunnar, þ. e. a. s. á heilsugæslustöðvunum eða í tengslum við þær, skuli m. a. rekin sjónvernd. Þannig fellur frumþjónustan á heilsugæsluna og er hér lagt til að heilsugæslustöðvarnar hafi samráð við stofnunina hvað snertir þessi mál. Ennfremur er gert ráð fyrir því til þess að fullnægja tilkynningarskyldunni beri heilsugæslustöðvunum að tilkynna stofnuninni um alla þá sem eru eða grunur leikur á að séu sjónskertir.

Um 10. gr.

Ekki er kveðið á um aðsetur stofnunarinnar, heldur gert ráð fyrir því að ráðherra geti ákveðið það, að höfðu samráði við stjórn hennar, og að hann geti þá jafnframt heimilað að samnýta húsnæði með öðrum opinberum aðilum eða hagsmunaaðilum eftir því sem um semst. Sama gildir um starfsfólk. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt að gerður yrði sérstakur samningur um skiptingu launa- og rekstrarkostnaðar milli stjórnar stöðvarinnar og hlutaðeigandi aðila sem ráðherra staðfesti.

Það sem einkum vakir fyrir frumvarpshöfundum hér er að nýta þá aðstöðu sem er að finna í húsi Blindrafélagsins, en þar stendur slíkri stöð til boða ágætis húsnæði 150 m² að stærð, sem nýtast myndi mjög vel jafnvel um langa framtíð. Hvað snertir starfsfólk er sjálfsgöður hlutur að samnýta það með Blindrafélaginu. Hvort sem slík heimild verður nýtt eða ekki er sjálfsgötu að hafa þennan möguleika opinn, ekki síst með hliðsjón af því að komast hjá óþarfa fjáruútlátum og að reyna að tengja þessi mál sem mest við þá aðila, sem hafa mestra hagsmuna að gæta á þessum vettvangi.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Kostnaður vegna Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra miðað við verðlag 1. febrúar 1983.

1. Launakostnaður:

Starfslið:		
½ yfirlæknir	kr.	240 000
½ gleraugnafræðingur	—	180 000
sjónþjálfari	—	240 000
½ félagsráðgjafi	—	120 000
½ ritari	—	100 000
stjórn	—	40 000

2. Rekstrarskostnaður:

- a. Húsaleiga og annar rekstrarkostnaður er henni tengist svo sem rafmagn, hiti, ræsting. Miðað er við húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð 150 m². Gengið er út frá því að húsið sé frágengið og að samið sé til 10—15 ára. Um er að ræða 4 herbergi ásamt hreinlætisaðstöðu og kaffistofu, 70 kr. pr. m² eða sem nemur ca. 120 000 á ári í leigu + önnur gjöld 50 000. samtdals kr. 170 000

3. Gjaldfærður stofnkostnaður:

- a. Stofnbúnaður reiknaður með aðflutningsgjöldum sbr. nánar meðfylgjandi lista kr. 3 700.000
b. Ýmiss konar kostnaður vegna sérsmíði innréttinga — 100 000

4. Ferðalög út á land:

- Aukaútgjöld m. a. laun annarra en starfsmanna stöðvarinnar. kr. 200 000

5. Yfirfærslur til félaga og einstaklinga vegna þátttöku ríkisins í kaupum á hjálpartækjum (sjá lista) kr. 500 000

Samtdals: kr. 4 690 000

Vert er að benda á að verulegur hluti ofangreinds kostnaðar er hreinn stofnkostnaður vegna tækjakaupa, sem félli til að stærstum hluta á fyrsta ári. Reikna mætti með miðað við núverandi verðlag að árlegur rekstrarkostnaður stöðvar sem þessarar með því umfangi sem henni er ætlað í lagafrumvarpinu gæti numið á milli 1.5—2 millj. kr. Ennfremur skal bent á að töluverðu fé hefur verið safnað til tækjakaupa á vegum sjálfboðaliða, þannig að stofnkostnaður mundi lækka nokkuð.

Listi yfir stofnbúnað.

I. Fyrirtækið LOW VISION INTERNATIONAL í Svíþjóð, sem annast uppsetningu sjónstöðva og þjálfun starfsfólks, hefur sent Blindrafélaginu lista yfir nauðsynlegan tækjabúnað ásamt kostnaðaráætlun, en áætlunin miðast við 30. september 1982.

Kostnaði er skipt í þrjú hluta hvað snertir tækjabúnað. Verð er reiknað með því að margfalda útsöluverð í Svíþjóð með 2.7 og síðan með 2.5 sem er meðalálágnung á lækningatækjum komin til notkunar hér á landi.

	Kr.
1. Tækjabúnaður á verkstæði gleraugnafræðings og augnlæknis.	800 000
2. Útbúnaður fyrir gleraugna- og sjónfræðing til rannsóknna	1 600 000
3. Tækjabúnaður fyrir sjónþjálfara:	
Sérútbúið lestrarborð fyrir sjónskerta.	
Sérstök lýsing.	
Myndvarpi með skermi.	
Sjónvarpstæki með myndsegulbandstæki.	
Stækkunargler o. fl.	
„Magnivision“-lessjónvarpstæki.	
Stóll fyrir sjúkling.	
Sýnishorn af mism. textum og efni til þjálfunar.	
	500 000
	<hr/> 2 900 000

II. Augnlækningatæki (áætlað verð 1. janúar 1983)

	kr.
„Slitlamp“ og „keratometer“ frá Haag Streit	350 000
„Applanations tonometer“	25 000
„Goniolens — 3 mirror“	6 000
Glerjakassi frá Oculus	35 000
„Trial frame“	5 000
„Lensometer“	100 000
„Keller specialist ophthalmoscop“	40 000
„Zeiss-Jena ophthalmoscop“	25 000
„Linsa fyrir indirect ophthal“	5 000
„Projector“	20 000
Sjónprófunartöflur	2 000
Spegill á standi	7 000
„Bjerrum screen“	5 000
„Keeler low vision test“	30 000
Ishihara Color-test“	5 000
Skodunarbekkur, borð, stólar o. fl.	120 000
Ýmis smærri áhöld	20 000
	<hr/>
	800 000
Samtals	3 700 000

Listi yfir hjálpartæki.

Eftirtalin hjálpartæki eru til sölu hjá Blindrafélaginu ætluð sjónskertum:

Sjóngler, margs konar.

Kíkjar.

Lampar m. stækkunargleri (fást í raftækjaverslunum).

Skriframmar fyrir sjónskerta.

Kasettutæki.

Nafnrammar.

Teiknibretti og plastþynnur.

Úr og klukkur með uppl. punktum.

Spil f. sjónskerta með stórum stöfum.

Símaskífur (fást hjá Pósti og síma).

Einnig eru margs konar önnur hjálpartæki fyrir blinda og mjög lítið sjáandi, s. s. ýmis hjálpartæki við heimilisstörf og stærri hjálpartæki sem úthlutað er til einstaklinga, s. s. lessjónvarpstæki, blindraletursritvélar o. m. fl.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér má reikna með að sala á hjálpartækjum á s. 1. ári á vegum Blindrafélagsins o. fl. hafi numið um 500 þús. Þar af tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í helmingi í samræmi við reglur tryggingaráðs.

Miðað við að nokkur aukning verði og að ríkið standi undir sem nemur um 75% af heildarkostnaði væri ekki óraunhæft að miða hlutdeild ríkisins við kr. 500 000 á verðlagi 1. janúar 1983.